

## Mál nr. 168/2004

### M og Vátryggingafélagið V h.f. v. afkomutryggingar

#### Ágreiningur um bótaskyldu úr afkomu/heilsutryggingu v. vinnuskerðingar.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.9.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 607/04
3. Bréf lögmanns M dagsd. 6.9.2004 ásamt fylgiskjöllum 1-21
4. Bréf V dags. 21.6. og 24.9.2004.

#### Málsatvik.

Af hálfu M er því lýst að hann hafi verið óvinnufær frá 15. júní 2002 vegna verkja frá hálsi og herðum. Lögmaður M krefst bóta fyrir hans hönd úr afkomutryggingu hans hjá V. Þar sem að M sé haldinn sjúkdómi sem ekki sé undanþeginn skv. skilmálum V. Af hálfu M er m.a. bent á að starfsorkumissir M sé ekki vegna migraínekasta heldur vegna verkja frá hálsi og herðum og höfuðverkja sem leiði af því ástandi. Viðurkennt er að M hafi ekki nefnt migraíne í beiðni sinni um tryggingu en með því hafi hann þurft að lifa frá barnsaldri þá er bent á að M hafi tekið fram að hann væri með vöðvabólgu í herðum og hálsi og hafi beiðnin verið samþykkt án athugasemda. Á það er einnig bent að jafnvel þó M hafi látið hjá líða að skýra frá atvikum skipti það ekki máli um ábyrgð V nema M hafi mátt vera ljóst að þau atvik sem ekki var skýrt frá skipti máli fyrir félagið og meta megi það atferli M stórkostlegt gáleysi af hans hálfu sbr. 7.gr. 1.nr. 20/1954 og hafi M ekki vitað að upplýsingar sem hann gaf hafi verið rangar geti félagið ekki borið fyrir sig 5.gr. ofangreindra laga. Þá bendir lögmaður M á að skv. matsgerð tveggja trúnaðarlækna sé starfsorkumissir M 30% skv. mati þar til greindra lækna en skv. mati dags. 21.6.2004 er örorka til fyrri starfa metin 100%. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi við töku umræddrar tryggingar svarað flestum spurningum um hvort hann væri eða hefði verið haldinn ákveðnum sjúkdómum neitandi og jafnframt hafi M lýst því yfir að hann væri fullkomlega heilsuhraustur og vinnufær. Á það er bent af hálfu V. að skv. læknaþréfi dags. 23.11.1994 sem liggur fyrir í málinu komi fram að M hafi frá unglingsárum fengið köst með sárum bankandi vegg í helmingi höfuðs, ljós-, lyktarfælni, ógleði o.s.frv. V telur að M hafi með því að láta þessa ekki getið við töku tryggingarinnar hafi hann gefið vísitandi rangar upplýsingar og eigi hann því ekki rétt á tryggingabótum með vísan til 4-8.gr. og 23. gr. laga nr. 20/1954

#### Álit.

Fyrir liggur að við töku tryggingar þeirrar sem hér ræðir um gaf M ekki fullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt. Þegar af þeirri ástæðu á hann ekki rétt á bótum úr afkomutryggingu sinni hjá M.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr afkomutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 12.10. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.